

mega heimfæra undir ákvæði 230. gr. hinna almennu hegningarlaga sem einfaldan þjófnað, og hegning sú, er ákærður hafi til unnið, hæfileg, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, svo þer honum að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, en umrædd fjárupphæð, kr. 29,13, telst vera tilheyrandi þurrabúðarmanni Ólafi Guðmundssyni, fyr á Öldugötu nr. 16 í Hafnarfirði, en nú til heimilis í Ingólfsstræti nr. 19 í Reykjavík.

---

Föstudaginn 4. maí 1934.

Nr. 95/1933. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)  
 gegn

**Martin Müller** (Jón Ásbjörnsson).

**Botnvörpuveiðabrot.**

*Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 26. febr. 1933:*  
 Kærður, Martin Müller, greiði 17500,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi níu mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri um borð í togaranum, „Birgitte Richardson“ P. G. 317 frá Wesermünde, skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Þótt tökustaður togarans, er kærði var skipstjóri á, sé  $\frac{1}{2}$  sm. utan við landhelgi, sýna staðarmælingar og miðunarlinur varðskipsins til hans kl. 12,51, 13,06 og 13,13, að togarinn hefir allan þann tíma verið inni á landhelgissvæðinu. Þar sem þessum mælingum hefir eigi verið hnekkt og þar sem kærði hefir viðurkennt, að hafa þennan tíma verið að

fiska með botnvörpu í sjó, er það sannað, að hann hefir gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að upphæð sektarinnar ákveðst 20000 krónur með tilliti til núverandi gullgengis hinnar íslensku krónu (50,66), og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 kr. til hvors.

Dráttur sá er orðið hefir á rekstri máls þessa hér í rétti, á rót sína að rekja til þess, að verjandi kærða í hæstarétti hefir útvegað sakargögn frá útlöndum, en þar sem honum hefir eigi borizt skjöl þessi fyrr en í febrúarmán. síðastl. verður dráttur þessi að teljast réttlættur.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Martin Müller, skipstjóri á botnvörpuskipinu P. G. 317 „Birgitte Richardson“ frá Wesermünde, greiði 20000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Martin Müller, skipstjóra á togaranum „Birgitte Richardson“ P. G. 317 frá Wesermünde fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Málavextir eru þessir:

Þann 25. þ. m. var varðskipið Ægir á leið austur með landinu á landhelgissvæðinu og um kl. 0,50 síðdegis sást nokkrir togarar út af Mýrdalsvík. Einn togarinn, sem síðar reyndist vera togari kærðs, var næst landi og virtist hann stefna austur með landinu.

Kl. 0,51 gerði varðskipið eftirfarandi staðarákvörðun:

Pétursey	> 32° 30'
Portlandsviti	> 69° 30'
Hjörleifshöfði	> 23° 00'
Togarinn	

Kl. 1,06 var togarinn snúinn út frá landi og stefndi þannig eftir það, þar til hann var stöðvaður af varðskipinu.

Kl. 1,06 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Pétursey	> 50° 34'
Hatta	> 54° 40'
Hjörleifshöfði	> 28° 30'
Togarinn	

Kl. 1,13 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Portlandsviti	> 43° 27'
Hatta	> 61° 32'
Hjörleifshöfði	> 36° 34'
Togarinn	

Kl. 1,18 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Portlandsviti	> 38° 48'
Hatta	> 65° 05'
Hjörleifshöfði	> 46° 35'
Togarinn	

Kl. 1,22 dró varðskipið upp stöðvunarmerki og kl. 1,23 var skotið lausu skoti.

Kl. 1,25 var skotið öðru lausu skoti og skömmu síðar gaf togarinn merki um að hann stöðvaðist.

Kl. 1,29 kom varðskipið að togaranum, sem var með stjórnborðsvörpu í sjó og lagði varðskipið bauju þar og mældi dýpið við hana og reyndist það 87 metrar og var samstundis gerð þessi staðarkvörðun:

Portlandsviti	> 31° 29'
Hatta	> 63° 10'
Hjörleifshöfði	

sem gefur stað baujunnar 0,54 sjómílu utan landhelgislínu.

Skipstjóri togarans kom þvínæst um borð í varðskipið og voru honum sýndar mælingar varðskipsins á kortinu. Hann kvaðst þá hafa stýrt út frá landinu í mesta lagi 10 mínútur, áður en hann var stöðvaður af varðskipinu og kveður hann hraða skipsins með vörpu í sjó vera 2,5—3

sjómilur á kl.st. og kveðst hann hafa gert eftirfarandi staðar-  
arákvörðun, er hann sneri út frá landinu:

Portlandsviti	> 31° 20'
Hatta	> 64° 00'
Hjörleifshöfði	

og er sá staður mjög skammt fyrir norðan bauju varðskipsins á kortinu. Hér fyrir réttinum hefir kærður upplýst, að stýrimaður hans hafi gert þessa staðar-  
arákvörðun einsamall og hefir hann viðurkennt hana ranga, enda er staður togarans samkvæmt henni allt að 0,5 sjóm. fjær landhelgislinunni heldur en hann á að hafa verið samkvæmt framburði kærðs sjálfs hér fyrir réttinum.

Þegar kærður var stöðvaður af varðskipinu, kveðst hann hafa gert þessa staðar-  
arákvörðun við bauju varðskipsins:

Portlandsviti	> 32° 00'
Hatta	> 63° 07'
Hjörleifshöfði	

Þessa staðar-  
arákvörðun kveðst kærður hafa gert með stýrimanni sínum og hefir skipherra varðskipsins sett stað þennan út í sjókortið og verður hann samkvæmt því skammt fyrir vestan bauju varðskipsins.

Þegar kærður var kominn um borð í varðskipið, gerði hann þessa staðar-  
arákvörðun við bauju þess:

Portlandsviti	> 32° 10'
Hatta	> 64° 00'
Hjörleifshöfði	

Því næst var farið að bauju, sem kærður kveðst hafa lagt og gerði varðskipið þar þessa staðar-  
arákvörðun:

Portlandsviti	> 38° 02'
Hatta	> 68° 02'
Hjörleifshöfði	

og gefur það stað baujunnar rétt innan við landhelgislinuna.

Kærði mældi sömu horn og reyndust honum þau 38° 15' og 68° 13'.

Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi lagt bauju þessari á landhelgislinunni.

Allar framangreindar staðarákvarðanir varðskipsins voru gerðar af tveim foringjum þess saman, hver, nema sú fyrsta, sem var gerð af 2. stýrimanni einum.

Skipherra varðskipsins hefir sett miðunarlinur togarans frá varðskipinu á þeim tíma, sem umræddar staðarákvarðanir voru gerðar, út í kort það af tókusvæðinu, sem lagt hefir verið fram hér í réttinum, en staður togarans í þeim línunum hefir ekki verið ákveðinn af varðskipinu og staður hans ekki verið ákveðinn af því, fyr en á tókustaðnum, er framangreind staðarákvörðun var gerð þar kl. 1,29. En fjarlægð tókustaðarins frá umræddum miðunarlinunum er samkvæmt framburði skipherrans, sem kærður hefir samþykkt sem réttan að því leyti, samkvæmt útsetningu skipherrans í kortið, sem hér segir: Frá miðunarlinu kl. 0,51 1,08 sjóm. frá miðunarlinunni kl. 1,06, 1,0 sjóm., frá miðunarl. kl. 1,13 0,65 sjóm. og frá miðunarlinu kl. 1,18 0,40 sjóm. og er því fjarlægð nefndra miðanalína innan frá landhelgislinunni á sömu stöðum 0,54, 0,4, og 0,11 sjóm. og þar eð togarinn samkv. skýrslu varðskipsins hefir siglt 20—22 mínútur beint út frá landi með allt að eða um 3 sjómílna hraða, áður en hann var stöðvaður, hefir hann samkvæmt því verið á eða mjög nærri umræddum stöðvum í miðunarlinunni og því innan við landhelgi eins og að framan greinir, en varðskipið var á landhelgissvæðinu og á landhelgislinunni er tvær fyrstnefndar mælingar voru gerðar, en togarinn var (samkv. framburði kærðs sjálfs) austan við bauju kærðs, sem er innan við landhelgislinuna, allan tímann, svo togarinn getur ekki hafa verið milli landhelgislinunnar og varðskipsins kl. 1,13, en þá var varðskipið komið út fyrir landhelgissvæðið. En vegalengdin frá tókustaðnum þangað, sem nefndar miðunarlinur skera landhelgislinuna að austanverðu, er samkv. hinum framlagða uppdrætti svo mikill, að togarinn hefir alls ekki getað farið þá leið á þeim tíma, sem um er að ræða, og getur því ekki hafa verið svo austarlega í miðun-

arlinunum, enda kveðst kærður hafa verið aðeins eina sjómílu frá bauju sinni, er hann sneri frá landi.

Kærður hefir eindregið neitað því, að hafa verið að veiðum í landhelgi og kveðst alltaf hafa togað utan við landhelgislinuna og hefir hann haldið því fram, að mælingar varðskipsins séu rangar og að ómögulegt sé að framkvæma nákvæmar mælingar eða staðarákvarðanir á skipi á þeirri ferð, er varðskipið var á, en hefir tekið fram, að hann efist ekki um að mælingar varðskipsins séu gerðar eftir beztu samvizku og hann efist ekki um hæfni varðskipsforingjanna til að gera nákvæmar mælingar undir góðum skilyrðum.

Hann kveðst hafa kastað vörpu sinni um kl. 2 síðd., þ. t., fyrir vestan bauju sína, og síðan togað beint í austur misv. að baujunni og farið fram hjá henni að sunnanverðu í 0,3 sjóm. fjarlægð frá henni kl. 2,35, þ. t. Því næst kveðst hann hafa togað stefnuna SA t A misv. til kl. 3,10 og kveðst hann þá hafa verið kominn um eina sjómílu frá bauju sinni. Þá kveðst hann hafa snúið til sjórnbörða í 8 mínútur, þar til hann hafði stefnuna VtS misv. og kveðst hann hafa togað þá stefnu í 10 mínútur eða til kl. 3,28, þ. t., að varðskipið stöðvaði hann og þar eð hann hafi þurft svo langan tíma til að snúa og hann þurfti að fara 0,5 sjm. til þess að snúa skipinu eins og hann gerði í þetta skipti, heldur hann fram, að skip hans hafi ómögulega getað farið þá vegalengd, sem varðskipið telur hann hafa farið á umræddum tíma, en annars kveðst hann hafa farið um eina sjómílu (að snúningnum meðtöldum) frá því hann byrjaði að snúa skipinu og þar til varðskipið stöðvaði hann. Skipherrann á varðskipinu hefir haldið því fram, að litlir togarar, eins og skip kærða, geti snúið eins og kærði gerði á miklu skemmri tíma en kærður telur sig hafa snúið á, eða ca. 2 mínútur og stýrimaður kærðs hefir borið það fyrir réttinum, að kærði hafi snúið skipinu svo hratt, að hann furðaði sig á því. En þar eð kærði hefir viðurkennt, að hafa farið eina sjómílu á 18 mínútum, verður rétturinn að lita svo á, að kærður hafi getað farið vegalengdina frá miðunarlinunni kl. 1,06 til tökustaðarins, sem er ein sjómíla, á þeim 20—22 mínútum, sem liðu frá þeim tíma, er varðskipið miðaði hann í þeirri línu og þar til hann nam staðar, þótt eitthvað af þeim tíma kynni að hafa

farið í að snúa skipinu, einkum þar eð upplýst er í málinu að kærður togaði þá fyrir fullum krafti undan straum, en togarinn var samkv. skýrslu varðskipsins snúinn út frá landi á umræddum tíma kl. 1,06.

Rétturinn verður því að líta svo á, að kærður hafi ekki með framangreindu hnekk á nokkurn hátt mælingum varðskipsins, sem gerðar voru með beztu tækjum af þaulæfðum mönnum, sem hafa staðfest þær fyrir rétti og telja engin vandkvæði á að framkvæma þær með fyllstu nákvæmni þó skipið sé á fullri ferð og getur rétturinn því ekki tekið neitt tillit til staðhæfingar kærðs, um að eigi sé unnt að framkvæma nákvæmar mælingar á skipi, sem sé á þeirri ferð, sem varðskipið var á.

Það verður því að leggja mælingar varðskipsins til grundvallar við dóm í máli þessu og þar eða skip kærðs samkvæmt þeim hlýtur að hafa verið innan landhelgi á umræddum tíma, en hann hefir játað, að hafa þá verið að veiðum, verður að telja löglega sannað, að hann hafi þá verið að veiðum í landhelgi og hefir hann því að álitu réttarins brotið gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi og þykir refsing hans, sem ekki er upplýst að hafi áður gerzt brotlegur gegn fiskiveiðalöggjöfinni, hæfilega ákveðin, samkv. 3. gr. nefndra laga, sbr. 1. grein laga nr. 4 frá 11. apríl 1924, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að hún jafngildir 57,34 aurum gulls, hæfilega ákveðin 17500,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi níu mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum „Birgitte Richardson“ P. G. 317 frá Wesermünde skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.